



ÓRÓI, krunk hrafnanna

Um er að ræða sjálfstætt framhald bókarinna ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan.

Höfundur er Hrund Hlöðversdóttir.

Í bókinni ÓRÓI, krunk hrafnanna fylgjast lesendur með sömu sögupersónum og í fyrri bók þeim Svandísi sem segir söguna, Láru, Brjáni og Sylvíu. Við hópinn bætist Hrafnklukka, frænka Svandísar og Práinn sem er nýr strákur í bekknum. Bókin byggir líkt og fyrri bók á þjóðsagnaarfi Íslendinga og nú eru það draugasögurnar sem tengjast söguþræði um ævintýri unglínganna. Sögusviðið er á sveitabæ undir Hraundranga í Öxnadal. Bókin er spennu- og ævintýrasaga fyrir ungmenni og fullorðna sem hafa gaman af dulheimum.

Í byrjun bókarinnar er komið undir vor og farið að stytast í að skóla ljúki og við taki sumarfrí. Sauðburður er í fullum gangi og Svandís hjálpar afa sínum með kindurnar.

Lára vinkona Svandísar kemur í heimsókn í sumarfríinu og þær vinkonurnar eiga von á heimboði inn í álfheima á sumarsólstöðum.

Gömul og stórfurðuleg kona verður á vegi Svandísar og hún kynnir sig sem Sesselíu á Hóli. Sesselía eða Sessa kemur mikið við sögu og fá lesendur fljótt að vita að hún er ekki þessa heims heldur skotta eða draugur. Hún vill fá Svandísi til að gera svolítið fyrir sig inni í álfheimum og linnir ekki látum fyrr en Svandís lætur tilleiðast.

Sagan gerist að mestu inni í álfheimum á sumarsólstöðum þegar raunheimar og hulduheimar renna saman. Huldufólk heldur mikla sumarsólstöðuhátíð með tilheyrandi baði í morgundögginni á Jónsmessumorgun, dulmögnum á álfadönsum og miklum veisluhöldum. Krakkarnir komast að leynibruggi og áætlunum huldufólks og skuggafólks og enn og aftur stefnir í bardaga milli þessara tveggja fylkinga.

Ekki er alltaf ljóst hverjir eru í góða- eða slæma liðinu og það renna tvær grímur á Svandísi þegar þeir sem hún taldi vera í góða liðinu gera hluti sem eru ekki svo góðir. Með klókindum tekst Svandísi og vinum hennar að afstýra því að allt fari í bál og brand inni í álfheimum.

Líkt og í fyrri bók eru tvær hliðarsögur sem fléttast inn í aðal söguna. Lesendur fylgjast með sögu sem gerast fyrir á tímum og kemur síðar í ljós að er frásögn af lífi Sessu á Hóli. Einnig fá lesendur innsýn í hugarheim Þráins og í atburðarrás sem verður síðar í sögunni.

Bókin er hugsuð sem önnur bókin í þriggja bóka seríu um unglíngana og ævintýri þeirra í álfheimum.

Íris Auður Jónsdóttir myndlistarkona hannaði og málaði myndina á bókarkápu. Íris Auður og börn hennar Emil Logi og Agnes Lóa myndskreyttu kaflana.

Bókaútgáfan Hólar gefur bókina út.